



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 11. október 2012

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn á Sunnubraut 7, 11. október 2012.

Mættir: Þórður, Guðbjörn, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. Búið að fá menn í kynbótanefnd, hana skipa Valberg Sigfússon sem er formaður nefndarinnar, Guðbjörn Guðmundsson og Styrmir Sæmundsson. Glaður mun tilkynna skipan nefndar til HrossVest.
2. Í framhaldi af umræðum á aðalfundi og stjórnarfundum 29 maí 2012 varðandi breytt fyrirkomulag á úrtökumótum hefur verið send tillaga inná fund LH sem haldinn verður nú í haust. Önnur félög hafa einnig sent inn tillögur um breytingar á vali hrossa og úrtökumótum. Hægt að sjá á heimasíðu LH.
3. Það verður kosið í stjórn á næstkomandi LH þingi, vestlendingar eiga þar nú fulltrúa, félögin á Vesturlandi eru að tala sig saman um að svo verði áfram, sennilega nú í varastjórn.
4. Formannafundur hestamannafélaganna á Vesturlandi var haldinn mánudaginn 8. október, Eypór fór á fundinn fyrir Þórð. Þar var rætt um að Faxi ætlar að sækja um að halda Íslandsmót fullorðinna 2013. Einnig rætt þar um fjórðungsmót á Vesturlandi 2013, sótt hefur verið um dagsetninguna 3.-7. júlí. Það verður haldið á Kaldármelum. Skipa á framkvæmdanefnd vegna mótsins þar sem 2 fulltrúar koma frá hverju félagi. Tillaga um Heiðrúnu Söndru og Eypór (sem ætlar að skoða hvort gefur sig í það) sem fulltrúa Glaðs. Rætt hvort það setji strik í reikninginn að austfirðingar ætla líka að hafa fjórðungsmót næsta sumar en ekki sömu helgi þó. Á formannafundi einnig rætt um að Vesturlandssýningin verður 30. mars 2013 í Borgarnesi, spurning hvort Glaður gæti komið með atriði á sýninguna. Formannafundur minnir á að Glaður á að vera með bikarmót 2013. Mótanefnd skoði dagsetningar.
5. Varðandi nefndir Glaðs fari í gang með störf hið fyrsta. Allar nefndir fundi fyrir áramót. Mótanefnd ákveði dagsetningar móta Glaðs þannig að verði komnar upplýsingar um þær til LH tímanlega. Reiðveganefnd fundi og boði Eypór því hann er í reiðveganefnd vesturlands.
6. Athuga að halda áfram með breytingar á reiðveginum fyrir ofan Saura og Ás þar sem sá kafli er mjög hættulegur sökum nálægðar við akveg.
7. Þórður sagði frá framkvæmdum við vallarsvæði þ.e að snúa dómpalli og festa samkvæmt áður samþykki á stjórnarfundum 29. maí 2012 um að pallurinn snúi þannig að langhlið með gluggum snúa að keppnisvelli, búið er að snúa pallinum en það þarf að lagfæra, samþykkt að ræða við framkvæmdaraðila um það og klára þetta nú í haust. Einnig rætt um að slétta úr haugum efnis sem komnir eru á svæðið milli reiðvallar og reiðhalla, sveitarfélagið mun sjá um það.
8. Rætt um girðingar sem komnar eru á Skógarströnd að þær loki ekki reiðleiðum, en það var áhyggjuefni. Upplýsingar eru um að hlið eru þessum leiðum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir